

Nr. 023 / 09 Fróði II ÁR 38**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2773
Smíðaður: Skotlandi 1998, stál
Stærð: brl. 356,2 bt.
Mesta lengd: 27,56 m Skráð lengd: 23,98 m
Breidd: 8,52 m Dýpt: 4,9 m
Vél: Caterpillar 681 kW, 1997
Fjöldi skipverja: 9



Fróði II © Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 1. mars 2009 var Fróði ÁR 38 á togveiðum í Meðallandsbug. Veður: Hægviðri

Á veiðunum gaf aðvörunarkerfi á aðalvél til kynna að það vantaði smurolíu og bætti vélstjóri á hana en tók þá eftir að þrýstingurinn á kerfinu var fallinn. Við athugun kom í ljós að olíuleki var með sjódælu í framgír vélarinnar og lak olían niður í kjalsog. Við þrýstifallið höfðu legur skemmst í túrpínu og var vélin stöðvuð.

Skipstjóri fékk Jón á Hofi ÁR 62 til að draga skipið til Vestmannaeyja.

Við rannsókn kom fram:

- að lega í sjódælu við gírhúsið fór og smurolía á aðalvélinni náði að flæða út með henni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð og gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.